



Arnar við hina völdugu og áhrifamiklu innsetningu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verk sem lýsa samtímanum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Arnar Ásgeirsson er í hópi þeirra ungu listamanna sem sýna ný verk á sýningunni Iðavöllur í Hafnarhúsinu.

Arnar á tvö verk á sýningunni og hann segir þau vera nokkuð lýsandi fyrir listsköpun sína. Annað verkið samanstendur af nokkrum pillukörlum á hillum og hitt verkið sýnir stórt prent og umferðarskilti þar sem augu eru afar áberandi.

„Í verkum mínum er ég alltaf að hugsa um samtímann og mér fannst þessi tvö verk, pillukarlarnir og skiltin, ríma svo vel saman að ég ákvað að hafa þau bæði á sýningunni og kynna sem eina innsetningu,“ segir Arnar.

Pillukarlarnir eru lítil módel og oft fylgja vatnsglós með. „Pillukarlarnir eru dæmigerð arkitektamódel, svipuð þeim sem eru notuð þegar verið er að tilkynna tillögu að framtíðararkitektúr. Ég steypi karlana úr heimilislegum lyfjum, eins og panó-dili, íbúfeni, þunglyndislyfjum og kvíðalyfjum. Lyfin framkalla hvíta litinn í körlunum. Ég fékk lyfin frá fólki í kringum mig. Það er svo mikið flæði af lyfjum og auðvelt að komast yfir þau að fólk varð spennt þegar ég sagðist ætla að gera skúlptúra úr þeim. Það má líkja þessu við að arkitekt sé að búa til tillögur að skipulagi. Þetta er tillaga að portretti af samtímafólki.“

Tillögur að uppstillingu

Er nútímamaðurinn þá brotinn einstaklingur?

„Kannski,“ svarar Arnar og bætir við: „Ég var líka að velta því fyrir mér hvort það væri hugsanlega normalt í dag að vera á lyfjum. Ég er samt ekki að leggja dóm á hvort það sé slæmt eða ekki, verk mín lýsa sam-



Venjulega horfir maður á umferðarskilti en þarna eru skiltin að horfa á okkur.



Pillukarlarnir eru gerðir úr lyfjum.

tímanum eða eru innsýn í einhverja mögulega útgáfu af framtíðinni.“

Nokkur vatnsglós fylgja pillukör-lunum. „Við tengjum vatnsglas við lyf því maður drekkur vatn með lyfjum. Þarna vildi ég búa til ákveðnar aðstæður á þessum litlu hillum og leik mér um leið að því að búa til tillögur að uppstillingu.“

Litadar bylgjur fylgja pillukör-lunum. „Þær voru hugsaðar sem áður, maður tengir oft tilfinningar eða líðan við liti og bylgjur,“ segir listamaðurinn.

Áhrifamikil innsetning

Hitt verkið á sýningunni er völdug og áhrifamikil innsetning þar sem augu gegna stóru hlutverki. „Þegar

ég bý til myndlist er ég oft að taka hversdagslega hluti og efni sem eru allt í kringum okkur, eins og verkjalyf og sápu, og breyta þeim. Þarna lét ég prenta mynd á umferðarskilti. Maður sér mörg hundruð umferðarskilti á dag, þau eru alls staðar, en tekur ekki sérstaklega eftir þeim. Venjulega horfir maður á umferðarskilti en þarna eru skiltin að horfa á okkur. Þau horfa einnig í kringum sig og á pillukarlana.“

Hann er spurður hvort hann sé með verkinu að vekja athygli á eftirlitsþjóðfélagi samtímans og svarar: „Það hefur alltaf verið fylgst með fólki en nú er eftirlitið orðið lúmskara. Allt er skrásett og þetta verk rímar við það.“

Arnar, sem lauk myndlistarnámi við Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam og meistaranámi við Sandberg Institute í Amsterdam, rekur listamannarýmið Open á Granda, þar sem hann er einnig með vinnustofu. Tveir aðrir listamenn sem eiga verk á sýningunni í Hafnarhúsinu reka Open með honum, Örn Alexander Ámundason og Hildigunnur Birgisdóttir. Una Margrét Árnadóttir er einnig í hópnunum.

Arnar hefur verið að vinna útilistaverk fyrir Reykjavíkurborg og Listasafn Reykjavíkur. Ör er nýlegt verk hans á Skólavörðuholti við Lokastíg. Hann vinnur nú að skúlptúr sem settur verður upp á Freyju-götu. ■